

Stofnanasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga og Hafrannsóknastofnunarinnar skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 6. júní 2011.

1. Inngangur

Hafrannsóknastofnunin er helsta og stærsta rannsóknastofnun á sínu sviði hérlendis. Stofnunin er jafnframt langstærsta rannsóknastofnun atvinnuveganna á Íslandi. Hafrannsóknastofnunin gegnir lykilhlutverki á þeim rannsóknasviðum sem eru forsenda skynsamlegrar nýtingar auðlinda sjávar en á nýtingu þeirra byggir að stærstum hluta íslenskt nútímasamfélag. Nýlegar alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga á sviðum hafréttar og umhverfismála gera og auknar kröfur til gæða rannsókna og ráðgjafar Hafrannsóknastofnunarinnar. Til þess að Hafrannsóknastofnunin geti rækt hlutverk sitt og mætt sívaxandi kröfum um þekkingu á auðlindum sjávar er mikilvægt að tryggja vísindalegar undirstöður stofnunarinnar. Þar skiptir mestu máli vísindaleg þekking starfsmanna og hvernig hún er nýtt til langtíma hagsældar fyrir land og þjóð. Til þessara þátta ber að taka tillit þegar störf eru metin og þeim raðað með tilliti til launaflokka.

2. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem eru í starfi hjá Hafrannsóknastofnuninni. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 6. júní 2011. Samkomulag Hafrannsóknastofnunarinnar og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 13. apríl 2007 um rannsóknafærðir á sjó er hluti þessa stofnanasamnings.

3. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið stofnanasamnings:

- a) að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk,
- b) að launakerfið sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti,
- c) að launakerfið taki mið af skipuriti og markmiðum stofnunarinnar,
- d) að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi,
- e) að umbunað verði að hluta í samræmi við frammistöðu starfsmanns sbr. 5. grein þessa samnings.

4. Grunnröðun

Við röðun starfa í samræmi við ákvæði samkomulags þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af hæfni þeirra einstaklinga sem gegna starfinu hverju sinni.

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

4.1. Skilgreiningar á starfsheitum og launaflokkar

Náttúrufræðingur 1; Lfl. 5

Náttúrufræðingur án starfsreynslu sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Eftir 7 mánaða starfsreynslu raðist starfsmaður í starfsheitið Náttúrufræðingur 2.

Náttúrufræðingur 2; Lfl. 7

Náttúrufræðingur sem annast almenna gagnasöfnun eða almenna úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Eftir 8 mánaða starf sem Náttúrufræðingur 2, raðist starfsmaður í starfsheitið Náttúrufræðingur 3.

Náttúrufræðingur 3; Lfl. 9

Náttúrufræðingur sem annast gagnasöfnun og úrvinnslu sýna sem krefst sérþekkingar, eða náttúrufræðingur sem vinnur við úrvinnslu gagna undir stjórn sérfræðings.

N3 raðast sem N4 eftir 5 ára starf sem náttúrufræðingur.

Náttúrufræðingur 4; Lfl. 11

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með afmörkuðum verkþáttum, eða vinnur við úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum með skýrslugerð undir leiðsögn eða stjórn sérfræðings. Um framgang N4 í stöðu sérfræðings fer samkvæmt bókun 1.

Náttúrufræðingur með MSc-próf raðast ekki lægra en N4.

Náttúrufræðingur 5; Lfl. 13

Náttúrufræðingur sem hefur umsjón með umfangsmiklum verkþáttum. Náttúrufræðingur sem sinnir verkstjórn, s.s. leiðangursstjórn (samkvæmt skipa- og mönnunarátlan), skipuleggur og hefur umsjón með vinnu annarra. Náttúrufræðingur sem vinnur sjálfstætt við úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum með skýrslugerð í samráði við sérfræðing. Um framgang N5 í stöðu sérfræðings fer samkvæmt bókun 1.

Sérfræðingur 1; Lfl. 11

Sérfræðingur án mikillrar starfsreynslu sem stjórnar afmörkuðum verkþætti eða rannsóknarverkefni, vinnur við úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum með skýrslugerð og greinarskrifum. Eftir 8 mánaða starf sem sérfræðingur 1, raðist starfsmaður í starfsheitið sérfræðingur 2.

Sérfræðingur 2; Lfl. 13

Sérfræðingur sem ber faglega ábyrgð eða stjórnar rannsóknaverkefni, vinnur við gerð rannsóknááætlana, framkvæmd rannsókna, úrvinnslu gagna og túlkun niðurstaðna með birtingu skýrslna og greina.

Sérfræðingur 2 raðast sem sérfræðingur 3 hafi hann birt 5 greinar í erlendum ritryndum tímaritum, þar af 2 sem fyrsti höfundur.

Sérfræðingur 3; Lfl. 15

Sérfræðingur sem hefur mikla faglega ábyrgð á rannsóknum eða er fulltrúi stofnunarinnar á sínu sviði í ráðgjöf til stjórnvalda.

Sérfræðingur sem stjórnar og hefur umsjón með umfangsmiklu verkefni eða fleiri smærri verkefnum sem krefjast mikillar skipulagsvinnu og umsjón með vinnu annarra.

Útibússtjóri 1; Lfl. 20

Útibússtjóri í Ólafsvík og í Vestmannaeyjum. Raðist í lfl. 19 fyrstu 18 mánuði í starfi.

Útibússtjóri 2; Lfl. 21

Útibússtjóri á Akureyri og á Ísafirði. Raðist í lfl. 20 fyrstu 18 mánuði í starfi.

Aðstoðarskólastjóri; Lfl. 22

Aðstoðarskólastjóri Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Sérfræðingur 4 /Rannsóknastjóri; Lfl. 24

Sérfræðingur sem ber faglega ábyrgð á mjög umfangsmiklu fag- eða verksviði, stjórnar og hefur umsjón með stærri verkefnaflokkum.

Sérfræðingur í forystu alþjóðlegra vinnunefnda.

Sérfræðingur sem hefur með sinni vísindalegu vinnu öðlast viðurkenningu á alþjóðavettvangi með greinaskrifum í ritrýnd tímarit, að lágmarki 20 greinum, þar af helmingur sem fyrsti höfundur.

Forstöðumaður; Lfl. 27

Stjórnar sjó- og vistfræðisviði, nytjastofnasviði eða veiðiráðgjafarsviði skv. skipuriti stofnunarinnar.

Skólastjóri Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Aðstoðarforstjóri; Lfl. 31

1.ágúst 2013 hækka öll starfsheiti um einn launaflokk.

4.2. Menntun

Við röðun starfsheitanna náttúrufræðingur 1-5 og sérfræðingur 1-3 bætist við 2 launaflokkar vegna BSc honours prófs eða hliðstæðrar menntunar, 3 launaflokkar vegna meistaraþrófs eða hliðstæðrar menntunar og 4 launaflokkar vegna doktorsþrófs eða hliðstæðrar menntunar.

1.1.2014 tekur við eftirfarandi röðun starfsheita m.t.t. menntunar:

Við röðun starfsheitanna náttúrufræðingur 1-5 og sérfræðingur 1-3 bætist við 2 launaflokkar vegna BSc honours prófs eða hliðstæðrar menntunar, 3 launaflokkar vegna meistaraþrófs eða hliðstæðrar menntunar og 5 launaflokkar vegna doktorsþrófs eða hliðstæðrar menntunar.

4.3. Eiturefni

Vinni starfsmaður að staðaldri (þ.e. ekki sjaldnar en vikulega) með heilsuspillandi efni sem getið er um í neðantöldum ritum:

1. Reglugerð nr. 236/1990 (með síðari breytingum) um eiturefni og hættuleg efni.
2. Registry of toxic effects of chemical substances (RTECS),
eða eru smitefni, skal hann raðast einum launaflokki ofar en ella.

Starfsmaður sækir um hækkun til starfsmannastjóra eða yfirmanns stofnunar. Umsókn fylgi staðfesting næsta yfirmanns umsækenda á því að í starfinu felist meðhöndlun heilsuspillandi efna. Starfsmenn í starfsheitunum Náttúrufræðingur 1 til og með Sérfræðingur 3 fá allir umræddan eiturefnaflokk aðrir ekki.

5. Umbun vegna sérstakra tímabundinna starfstengdra og persónutengdra þátta

5.1 Sérstök þóknun fyrir ritstörf

Fyrir ritgerðir um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunarinnar er greidd aukþóknun í samræmi við það sem hér segir:

1. Fyrir hverja höfundarmerkta grein eða skýrslu í fjölríttuðu riti (t.d. Hafrannsóknir) eða óríttuðu ráðstefnuritgerð (t.d. Ársfundur ICES) eru greiddar kr. 55.000. Ekki er þó greitt fyrir almenna kafla sem ekki eru höfundarmerktir í Vistfræðiskýrslu eða framlag í skýrslu um Ástand nytjastofna.
2. Fyrir hverja grein í ritrýndu innlendu riti (t.d. Náttúrufræðingurinn), erlendu ráðstefnuriti þar sem ritrýni er ekki sambærileg við þar sem gerist í venjulegum vísindaritum, stuttar erlendar greinar (short notes, short communications), og fyrir ritstjórn vinnunefndarskýrslu á alþjóðavettvangi eru greiddar kr 135.000.
3. Fyrir hverja grein í ritrýndu erlendu vísindariti, (t.d. ICES Journal of Marine Science, Marine Biology, Marine Ecology Progress Series, Journal of Fish Biology, Canadian Journal of Fisheries and Aquatic Sciences), 3 bls. eða lengri, eru greiddar kr 325.000. Fyrir stuttar greinar í Nature og Science greiðist sama þóknun.

Greiðslur fyrir ritsmíðar munu fara fram 1. febrúar ár hvert eftir birtingu ritgerðar og hækka greiðslur í samræmi við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn frá 1997.

Greitt verður fyrir ritsmíðar í hlutfalli við höfundafjölda samkvæmt eftirfarandi:

Tveir höfundar, fyrsti höfundur 60%; annar höfundur 40%.

Þrjú höfundar eða fleiri, fyrsti höfundur 50% og afgangur skiptist jafnt milli meðhöfunda.

5.2 Þóknun vegna öflunar styrkja úr samkeppnissjóðum

Starfsmaður sem aflar styrkja vegna rannsóknaverkefna sem hann svo stýrir fær eftirfarandi þóknun vegna vinnu og álags við öflun styrksins og stjórnun verkefnisins. Þóknunin reiknast eingöngu af þeim hluta styrksins sem kemur til stofnunarinnar og greiðist í formi fastrar mánaðarlegrar yfirvinnu yfir þann tíma sem verkefninu er ætlað að standa. Greiðslan getur þó aldrei orðið hærri en sem nemur 25 klst í yfirvinnu að viðbættu orlofi.

Styrkfjárhæð frá og að (millj. kr.):	Eingreiðsla, prósentu af fjárhæð styrks:
1,0 – 3,0	7,9%
Styrkfjárhæð frá og að (millj. kr.):	Fjöldi yfirvinnutíma (klst) á mánuði auk orlofs:
3,0 – 7,5	5,0
7,5 – 10,0	7,5
10,0 – 12,5	10,0
12,5 – 15,0	12,5
15,0 – 17,5	15,0
17,5 – 20,0	17,5
20,0 – 22,5	20,0
22,5 – 25,0	22,5
25,0 eða hærri	25,0

5.3 Þóknun vegna fyrirlestra

Fyrir fyrirlestra sem fluttir eru um málefni sem eru á starfssviði Hafrannsóknastofnunarinnar og að beiðni eða í samráði við forstjóra skal greidd aukabóknun í formi yfirvinnutíma ásamt orlofi til samræmis við það sem hér segir:

Vegna fyrirlesturs sem fluttur er á fundi fjarri vinnustöð starfsmanna (60 km eða meira) greiðast 12 klst yfirvinna.

Vegna fyrirlesturs sem fluttur eru á fundi um helgar í nágrenni vinnustöðvar 8 klst.

Vegna fyrirlesturs sem fluttur eru á fundi að kvöldi í nágrenni eða í sveitarfélagi vinnustöðvar 6 klst.

Vegna fyrirlesturs sem fluttur er á fundi í vinnutíma í nágrenni eða í sveitarfélagi vinnustöðvar 3 klst.

Innfalið í þessum greiðslum eru 3 klst við undirbúning fyrirlestursins utan vinnutíma.





6. Gildistími og ákvæði um endurskoðun


Samningurinn tekur gildi frá 1. júní 2012. Hvor aðili getur árlega óskað eftir endurskoðun á stofnanasamningi þessum og oftar ef aðilar ná um það samkomulagi

Reykjavík, 10. maí 2012


f.h. Hafrannsóknastofnunarinnar









f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga







Bókanir með stofnansamningi Hafrannsóknastofnunarinnar og FÍN undirrituðum 10. maí 2012**Bókun 1**

Hafi BSc náttúrufræðingur sem unnið hefur meira en 3 ár á Hafrannsóknastofnuninni og hefur á starfstíma átt þess kost að ljúka MSc prófi eða sambærilegt próf verða honum er hann kemur aftur til starfa sköpuð skilyrði til þess að vinna í allt að 3 mánuði á fyrsta ári frá námslokum við frágang og birtingu á rannsóknaniðurstöðum. Hafi hann fyrir lok þess tíma birt í ritrýndu tímariti (eða fengið samþykka til birtingar) ritgerð úr verkefni sínu getur hann sótt um að verða sérfræðingur á Hafrannsóknastofnuninni. Liggi fyrir því rökstutt álit að efni ritgerðar gefi ekki tilefni til slíkrar birtingar, getur starfsmaður gert tillögu til forstjóra um efnivið í birtingu ritgerðar sem hann ljúki innan sanngjarns tíma (þó ekki síðar en eins árs frá ákvörðun þar um). Gangi það eftir, getur starfsmaður sótt um að verða sérfræðingur eins og að ofan er lýst. Forstjóri stofnunarinnar mun ákveða starfssvið viðkomandi.

Bókun 2 Um tryggingar starfsmanna á sjó

Aðilar eru sammála um að beita sér fyrir því að tryggingum starfsmanna Hafrannsóknastofnunarinnar við vinnu á sjó verði hagað í samræmi við meðfylgjandi:

Hafrannsóknastofnunin skal tryggja hvern þann mann sem samningur þessi nær til og slasast um borð í skipi eða í vinnu í beinum tengslum við rekstur skips í samræmi við ákvæði 172. grein siglingalaga nr. 34/1985 hvort sem skipið er gert út af Hafrannsóknastofnuninni, tekið á leigu eða starfsmenn stofnunar eru um borð í vegna starfs síns.

Bætur út tryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. laga nr. 34/1985.

Skaðabætur frá bótaskyldum þriðja aðila eða samkvæmt ábyrgðartryggingu koma til frádráttar bótum samkvæmt tryggingu þessari.

Um tryggingu þessa skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar um slysatryggingu ríkisstarfsmanna, reglur nr. 30/1990.

DA
Hj.